

Fundur 8.4.2024 Chuck Berry.

Góða kvöldið, heilsa ég ykkur og þakka ég fyrir mig og,

*Góða kvöldið.*

Fannst mér það mjög ánægjulegt að tala við ykkur síðast, en en fann ég þó að einum manni mislíkaði við það sem ég hafði að segja við ykkur og er hann ekki nærstaddur á fundi ykkar núna, en óska ég honum allra heilla og vona að hann hafi ekki misskilið neitt sem ég sagði.

En já við erum hér stödd hér í stjornusambandsstöð og finnst mér það merkilegt að við notum slíkar byggingar, þótt ég hafi flutt mig til á hnettinum og tali ekki til ykkar úr sama samfélaginu, þá er þessi bygging ekki ósvipuð þeirri sem ég talaði úr þá.

Finnst mér það mikilvægt að tala til fjöldans og ná til mismunandi áheyrenda og finnst mér það mjög áhugavert að tala til fólks á gömlu jörðinni og hef ég mikinn áhuga á þjóðfélagsmálum okkar hnattar.

Og það er svo margt sem kemur manni á óvart og mér finnst svo mikilvægt að rækta mannleg samskipti og reyna að útkljá deilur, þegar þær koma upp.

Og siðirnir eru margir á okkar hnetti, þar sem ég er staddur nú, en kann ég þó betur við mig hér, en þar sem ég var áður á gömlu jörðinni ykkar.

Og þær eru ýmsar hræringarnar í okkar þjóðfélagi og minna þær sumar á hræringarnar sem voru á gömlu jörðinni, en feginn er ég að þær hafa ekki náð að valda sömu breytingum á mannfjöldanum og skoðunum fjöldans, eins og á gömlu jörðinni.

Ég veit ekki hvernig ég get lýst því öðru vísi en þannig, að það gleður mig mjög að samskipti kynjanna eru hér í betra ásíggjumlagi en á jörðinni okkar gömlu og minna þau mig meira á það sem tíðkaðist þegar ég var yngri, og sakna ég þess þó stundum talsvert að hér er ekki sá meiri hluti hvíttra sem var í mínu heimalandi og og gerði samskiptin spennandi að vissu leiti, en hleyptu einnig ólgu og illdeilum af stað öðru hvoru.

Og einnig sakna ég þess að asískir og mexíkóskir eru hér ekki sem þar, hef ég farið um víða og hefur minni mitt batnað eftir því sem ég hef verið hér lengur og þau elliglöp sem voru farin að sækja á mig, eru nú gengin alveg til baka og má því segja að ég muni nákvæmlega allt það sem ég setti saman um æfina og er það mér mikil ánægja.

Og rödd mín er betri og gikt í fingrum og annað sem hrjáði, er farið og er það mikils virði.

Er það gott að fá að vera í friði á mörgum stöðum, en þó eru margir sem kannast við mig úr jarðlífinu og nýt ég þess einnig að þau kunna vel að meta það sem ég hef fram að færa og er ég því að finna jafnvægið á milli þess að vinna og eiga frístundir á þessum hnetti og gengur það vel.

Er það mér mikils virði að hér er ekki sami skilningur á aldursmuni og var á gömlu jörðinni og frjálslýndi meira á mörgum sviðum og gleður það mig mjög og hæfir mér betur, en flutti ég að vísu úr stórborginni fyrir nokkru og er ég hér staddur á frekar afskektari stað, þar sem fólkið iðkar trú forfeðra minna og er þar enn meira frjálsræði en í borgunum.

Komst ég þar upp á kant við suma, en vil ég ekki fara út í það nákvæmlega, en fjölmargar eru þær stéttirnar í borgunum og stjórnmálahreyingarnar vilja koma á hömlum og breyttu skipulagi eins og var á jörðinni og var það mér ekki að skapi.

En á ég þar dygga stuðnings hópa víða og hef ég á þeim fáeinu árum síðan ég kom hingað á þennan hnött, sumstaðar fengið stuðningsfólk og aðdáendur eins og þegar ég var yngri.

En þau eru margvíslega samfélögin í borgunum og kann ég hér betur við mig úti í sveit eins og ég sagði áður.

Vildi ég mjög gjarnan hitta alla þá sem ég dáðist að í jarðlífi og hef ég haft samskipti við þá í þessum stöðvum suma í fjarsambandi en hef ég einnig kynnst persónulega mörgum af gömlu blúsurunum sem urðu mér innblástur og hef kynnst þeim persónulega og var það mér mikil upplifun.

Eru þeir sumir á þessum hnetti enn þá en aðrir komnir lengra í framlífi, veit ég ekki hvort ég get talað við ykkur mikið meira, nafn mitt er Chuck Berry.

*Já já, vertu velkominn og gott að heyra í þér.*

Já þakka ég fyrir.

*Varstu ekki tónlistarmaður ?*

Jú, eru það spurningar sem.

*Alltaf jafn gaman að hlusta á tónlistina þína.*

Þakka þér fyrir.

*Ég er að æfa mig á bassann, hvernig er háttað á þínum hnetti með sólina, eru þær tvær sólirnar hjá þér og ef það er ein sól, hvernig er liturinn á henni ?*

Það er ein sól hér og hún er hún örlítið öðruvísi en sú gamla, eins og eitthvað rauðleitari blærinn, en

*Eru kannski tvö tungl hjá þér ?*

Ég er ekki fjarri því, það er þannig, en dagarnir ögn lengri en ekki svo mjög.

*Já, það er athyglisvert, þannig að sólarlagið er töluvert rauðara en hér á jörðinni ?*

Já, já það passar það passar. Já þú skynjar vel þesssa hluti ?

*Já það er þessi litli hnöttur, sem ég er spá í tunglinu, já það er eitt tungl hér, en ég sé tvö hjá þér, annar minni hnöttur sem kemur.*

Ja það er nú eiginlega reikistjarna frekar en hún gengur svo lítið skringilega braut.

*Já það var svona, ég skynjaði eitthvað svona sérstakt, með ykkar hjálp.*

Já, það þannig að þeir virka svipaðir að stærð þegar þeir sjást.

*Já athyglisvert, athyglisvert.*

Já, ég þakka fyrir, hefur þú, þú hlustar á poppið er það ekki ?

Eg er alæta á tónlist.

Já.

*Ég hef svona svokallaðan klassíska grunn.*

*Þannig að það gerir manni auðveldara að finna það sem gott er og kasta því frá sem ekki er nógu gott, þetta sem er soldið útþynnt eins og tískan með þessa verksmiðutónlist sem er svo mikið hér.*

Já já þetta er nú, þetta byggist á svipuðum grunnum þessi tónlist, en það eru ótal mörg tilbrigði og stefnur og svoleiðis.

*Já ég hef stundum velt þessu fyrir mér hvort það væri ekki hægt að ná í nýjan takt hjá ykkur og koma áfram hér á jörðinni, einhver nýr taktur sko. Ha það gæti orðið vinsælt.*

*Ég hef nú heyrt að þetta komi svona innblásturinn svona víða að (já) hef heyrt hérna öðru vísi takta, einmitt eins og þú segir, já mjög framandi takttegundir já og margt af því vinsælt sem ég hafði ekki hlustað á áður, (já gaman að því) lært af því.*

*En ég kann alltaf best við gamla rokkið, ég kann ekkert annað ha ha ha.*

*Ég skil það ósköp vel. Ég er mikið í því sjálfur gamla rokkinu.*

*En það er sem betur fer nóg af fólki sem kann að meta það.*

*Já og svo horfir maður í sinn barm og vill vera sanngjarn, af því kannski af því að ég aldíst upp við þetta og tek þetta fram yfir margt annað í nútímanum sko, maður þarf alltaf að vera soldið svona sanngjarn sko og horfa á hlutina eins og þeir eru, en hérna samt sem áður, þá get ég nú aldrei annað en sagt sem svo að með rokkinu hófst ný bylgja tónlistar og afskaplega merkileg í sögulegu tilliti sko.*

*Já já það frelsaði fólkið og gaf því gleði og það skiptir öllu máli, og ég hef nú verið að hlusta á þetta sem þú nefnir, allskyns takta hér og hef verið að reyna að tileinka mér þetta, það á ekki allt heima í því sem ég er að gera, en það er engu að síður áhugavert og getur verið gott sumt af því.*

*Og maður dáist mjög að því hvað menn eru þjálfaðir og hafa lært þetta lengi, flóknar takttegundir, þar sem áherslan er á ýmis atkvæði öðru vísi.*

*Já athyglisvert þetta sem þú segir.*

*Já og mér skilst að tónlistarlífið sé blómlegt hjá ykkur, Björk og fleiri við könnumst við það.*

*Já sætt að lýsa því hvað við erum frjóir í tónlistinni og menn hafa haft orð á því sem hafa komið hingað til þess að fylgjast með svokölluðum músíktíraunum, þar sem ungir menn eru að spreyta sig á hljóðfæraleik og öðru og sínum eigin tónsmíðum. Mjög athyglisvert.*

*Já, ég, jú það er, ég vissi það nú ekki alveg að, en ég vissi að það voru nokkrir tónlistarmenn frá ykkur hérna, komnir sko.*

*En markaðurinn er einfaldari að mörgu leiti hér, það er fólk sem skipar sér í þessa hópa sem kann að meta mismunandi tónlistarstefnur.*

*Já, jæja ég verð víst að kveðja ykkur að sinni, verið þið sæl, þakka ég fyrir.*

*Já ég þakka þér kærlega fyrir, heyri kannski í þér seinna (Eiríkur).*

*Já það væri ánægjulegt, ég þakka ykkur öllum kærlega fyrir og verið þið blessuð og sæl.*

*Blessaður.*